



SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

13. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn miðvikudaginn 16.október 2024, kl. 15:00 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Elvar Harðarson, Alexandra Rós Jóhannesdóttir boaði forföll. Vilborg Ástráðsdóttir og Sigríður Björk Gylfadótir fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Jóhanna Lilja Arnarsdóttir skólastjóri Flúðaskóla, Halla Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Auður Hanna Grímsdóttir fulltrúi foreldra Flúðaskóla. Jóna Björg Jónsdóttir leikskólastjóri Undralands, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks Undralands og Dagný Lilja Birgisdóttir fulltrúi foreldra Undralands.

Formaður bauð fundarmenn velkomna ásamt þeim Gunnlaugu Hartmannsdóttur og Annýju Ingimarsdóttur, sem báðar eru deildarstjórar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Formaður bar upp tillögu um að Aldís Hafsteinsdóttir myndi ríta fundargerð og var tillagan samþykkt samhljóða. Hér var gengið til dagskrár:

Sameiginleg málefni beggja skólastiga:

1. **Kynning frá Skóla og velferðarþjónustunni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.**
Gunnlaug og Anný deildarstjórar Skóla og velferðarþjónustu Árnesþings voru með stutta kynningu á stöðu innleiðingar á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Skólanefnd þakkar Gunnlaugu og Annýju fyrir fróðlegt erindi og fagnar þeirri vinnu sem nú er í gangi varðandi innleiðingu laganna um þjónustu í þágu farsældar barna.

Málefni Flúðaskóla

2. **Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla, október 2024**

Yngsta stig fór í sína árlegu haustferð þann 24. september. Að bessu sínni fóru þau í Haukadal. Miðvikudaginn 25. september fór 1.-6. bekkur í Reykholt, á skólatónleika Sinfóniuhljómsveitar Suðurlands. Priðjudaginn 8. október fengu nemendur í 1.-6. bekk heimsókn frá breska sendiráðinu. Þann sama dag var haustkynningarfundur skólans. Í upphafi fundar voru þær Gunnlaug Hartmannsdóttir og Sigrún Helgadóttir með kynningu á Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fyrir foreldra. Mánudaginn 14. október kom starfsmaður frá VR með skólkynningu fyrir 10. bekk. Markmiðið með skólkynningum er að freða ungt fólk um helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Fjallað er um grunnhugtök í kjaramálum á borð við kjarasamninga, ráðningasamninga, vinnutíma, launaseðla, veikindarétt og hvildartíma. Kynningin samanstendur af leiknum skemmtimyndböndum, auk fræðslu frá kynningaraðila VR. Priðjudaginn 15. október hélt Skólastjórafélag Suðurlands félagsfund hér á Flúðum og óskuðu forsvarsmenn þess að halda hann hér í starfsmannastofunni í Flúðaskóla vegna þess að aðstaðan þykir til mikillar fyrirmynðar og vorum við mikið ánægð með þá ákvörðun.

Við þetta má bæta að Foreldrafélag Flúðaskóla hélt aðalfund sinn í gerkvöldi, þann 15. október og var mæting mjög góð en foreldrar frá 30% nemenda mættu á fundinn. Á dagskránni voru hefðbundin aðalfundarstörf en að því loknu var formaður foreldrafélagsins, Margrét Sævarsdóttir með kynningu á verkefninu „Sterkari út í lífið“ þar sem var komið inn á

JLA

JBJ

KP
BH

AHG
JL

samtakamátt foreldra varðandi snjalltækjanotkun, miðla, aðgengi að þeim og svefntíma út frá mismunandi aldursstigum. Álegt ólympiuhlaup ÍSÍ fór fram í morgun og hlupu nemendur mismunandi vegalengdir í haustblíðunni. Í dag var síðan opnaður nýr leikvöllur við Flúðaskóla og er ljóst að mikil ánægja er með breytinguna á skólalóðinni.

Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri Flúðaskóla

3. Starfsáætlun grunnskólans og matsáætlunarinnar.

Starfsáætlun Flúðaskóla skólaárið 2024-2025 lögð fram. Skólastjóri kynnti verklagið og innihald áætlunarinnar og nefndarmenn ræddu ýmis atriði áætlunarinnar.

Starfsáætlunin samþykkt með þeim breytingum og ábendingum sem ræddar voru á fundinum. Áætlun verður fljóttlega birt á heimasíðu skólans.

Skólastjóri kynnti að Skólapúlsinn hefur verið framkvæmdur meðal nemenda og skólastjóri leggur til að sú könnun verði endurtekin í veturna hjá nemendum 2. -10. bekkjar.

Á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytisins er unnið að breytingu á verkferlum við ytra mat á skólastarfi en vonir standa til að því starfi muni ljúka fljóttlega.

Sameiginleg málefni

4. Áherslur skólastjórnenda í fjárhagsáætlun og tillögur að gjaldskrám

Sveitarstjóri kynnti drög að gjaldskrá leikskólans og kallaði eftir umræðu um fjárhagsáætlun. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við þá hugmynd sem hér er lögð fram. Nefndin leggur jafnframt til að afsláttarreglur verði yfirfarnar í samræmi við umræður á fundinum og einnig leggur skólanefnd til að þriðja barn foreldra og öll umfram það á leikskóla fái 100% afslátt af leikskóla. Fjárhagsáætlun rædd og þau forgangsatriði sem nefndin leggur áherslu á. Þar á meðal er brýnt að húsnæði leikskólans verði endurbætt og stækkað. Snyringar á kennslugangi Flúðaskóla ásamt fataklefa verði endurnýjaðar, Kvíadalur verði lagaður og haldið verði áfram endurnýjun húsgagna. Einnig byrfti að smyrta aðalinngang skólans.

Hér viku fulltrúuar Skeiða- og Gnúpverjahrepps af fundi.

Málefni Undralands

5. Skýrsla leikskólastjóra Undralands

Leikskólastarfið

Leikskólastarfið hefur gengið vel, starfsfólk og börn virðast mjög sátt. Fastir liðir eru inni eins og verið hefur, eins og t.d. Lubbi og Blær. Börnin eru mikið úti og er útinámið fastur liður í starfinu. Öll börn fara í íþróttahúsið einu sinni í viku. Verið er að byrja á innleiðingu á Snemmtækri íhlutun. Teymið (þrír eru í teymunu) er búið að funda tvísvar í fjarfundí i haust. Innleiðing á Jákvæðum aga er í startholunum og eru einnig þrír í því teymi.

Helstu viðburðir/uppþrot í sept. og okt.

Brunaæfing var 11. september. Brunabjallan var sett í gang. Róleg æfing þar sem börnin voru upplýst um æfinguna og rýmingaráætlun fylgt rólega til að kynna fyrir börnumnum ferlið og passa að engin yrði hræddur. Í vor verður svo æfing þar sem börnin verða ekki upplýst fyrir fram. Slökkviliðið kom með forvarnarfræðasluna Loga og Glóð fyrir elsta árganginn 1. október. Eldvarnareftirlitið kom svo 7. okt til að taka ut brunavarnir og skilaði skýrslu þar sem allt kom vel út. Skógardagur var 16. september þá voru allir í skóginum allan daginn, borduðum bæði hádegismat og síðdegiskaffi úti í skógi. Farið var í leiki, soðin egg í hvernnum o.fl. Aðalfundur foreldrafélagsins og kynning á leikskólastarfinu skólaárið 2024-2025 var 9. október.

Framundan

Til stendur að taka starfsmannasamtöl nána í október og svo aftur í mars/apríl.

Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri, leikskólans Undralands.

JLA

AHG
KP
EB
JBJ
JL

6. Erindi til skólanefndar frá deildarstjóra Skólapjónustunnar vegna þátttöku Leikskólans Undralands í verkefninu „Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslur á málproska og læsi“.

Í erindinu er óskað eftir viðbótar starfsdegi þann 19. febrúar 2025 vegna þátttöku leikskólans, ásamt 6 öðrum leikskólum í Uppsveitum og Flóa í verkefninu „Snemmtæk íhlutun í leikskóla“.

Verkefnið er á vegum Miðstöðvar menntunar og skólapjónustu (MMS) og bauðst okkur í lok maí mánaðar að taka þátt í verkefninu „Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslu á málproska og læsi“. Til að áætlun verkefnisins nái fram að ganga er hér óskað eftir, fyrir hönd stjórnda og þátttakenda í verkefninu, viðbótar starfsdegi fyrir leikskólana 19. febrúar 2025 sem ætlaður er fyrir fræðslu og vinnu við handbók leikskólanna um snemmtæka íhlutun. Á þessum degi er gert ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna leikskólanna.

Nokkur reynsla er komin af þessu verkefni en það byggir á þróunarverkefni Ásthildar B. Snorradóttur talmeinafræðings og hefur verið innleitt í nokkrum sveitarfélögum á landinu. Helstu verkþættir verkefnisins felast í því að efla markvissa málörvun í daglegu starfi, stuðla að betri og markvissari nýtingu á málörvunarefni, skerpa á verkferlum í kjölfar mats og stuðla að samvinnu leikskóla við foreldra, sérfræðinga og grunnskóla. Á meðan á verkefninu stendur vinna þátttakendur einnig handbók sem rammar inn ofangreinda þætti, byggða á hugmyndafræði og skólanámskrá hvers og eins leikskóla.

Skólanefnd fagnar þessu metnaðarfulla verkefni sem unnið er í samstarfi Skólapjónustunnar og allra leikskóla Uppsveitanna og telur mikilvægt að starfsmönnum leikskólans sé gert kleyft að taka þátt í sameiginlegum starfsdegi skólanna. Það er ljóst að þátttaka allra starfsmanna er nauðsynleg til að vel takist til, bæði til að samtaka mátturinn sé meiri innan leikskólans og til að allir séu meðvitaðir um hvað felst í snemmtækri íhlutun með áherslum á málproska og læsi.

Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að starfsdögum verði breytt þannig að leikskólinn verði opinn 2. janúar en þá var fyrirhugaður starfsdagur en starfsdagur verði í staðinn þann 19. febrúar. Þessi ákvörðun er með þeim fyrirvara að önnur sveitarfélög samþykki einnig að starfsdagur verði þann 19. febrúar. Það er ljóst að þátttaka allra starfsmanna er nauðsynleg til að vel takist til, bæði til að samtaka mátturinn sé meiri innan leikskólans og til að allir séu meðvitaðir um hvað felst í snemmtækri íhlutun með áherslum á málproska og læsi.

Skólanefnd vill þó koma því á framfæri að mikilvægt sé að allir starfsdagar og aðrir skertir nemendadagar komi fram í upphafi vinnu við gerð skóladagatala og að skóladagatölin haldist að mestu óbreytt eftir að þau eru samþykkt, þá sér i lagi dagar þar sem skóli er lokaður eða skertir dagar. Þar sem skipulag heimila, fjölskyldna og vinnustaða fer oft á tíðum einnig eftir skipulagi skólanna og getur komið sér illa ef um miklar breytingar er að ræða.

7. Starfsáætlanir og matsáætlanir Leikskólans Undralands.

Starfsáætlun leikskólans skólaárið 2024-2025 lögð fram. Skólastjóri kynnti verklagið og innihald áætlunarinnar.

Starfsáætlunin samþykkt. Áætlunin verður birt á heimasiðu skólans.

Leikskólastjóri upplýsti að búið er að skipa í matsteymi vegna innra mats og mun það teymi stjórna innra mati leikskólans í samráði við leikskólastjóra. Í teymingu sitja; leikskólastjóri, fulltrúi kennara, fulltrúi annarra starfsmanna, fulltrúi foreldra.

8. Umbótaáætlun vegna Skólapúlsins

Umbótaáætlun vegna Skólapúlsins lögð fram til kynningar.

JLT KP A+G ZB ZB JG

9. Móttökuáætlun Undralands

Móttökuáætlun Leikskólans Undralands lögð fram, í samræmi við umræður á síðasta fundi skólanefndar.

Móttökuáætlun Undralands er samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00

Katrin Þorvaldsdóttir
Elinur Hildarsdóttir
Audur Hanna Grímsdóttir
Jóna Björk Jónsdóttir
Jóhanna Ólga Árnardóttir
Valnýr Guðmundsdóttir
Allt flækkir!!